



Samantburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarþjónusta á fyrstu níu
mánuðum áráanna 2021 - 2023

Mars 2024

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa, tók við. Mánaðarlega skiluðu barnaverndarþjónustur¹ sískráningu tilkynninga, þ.e. tölulegum upplýsingum varðandi tilkynningar, til Barnaverndarstofu og er nú sömu upplýsingum skilað til Barna- og fjölskyldustofu. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu á fyrstu níu mánuðum árána 2021, 2022 og 2023. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningum til barnaverndarþjónusta fjölgaði um 10,5% á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 miðað við sama tímabil árið á undan. Tilkynningum fjölgaði í öllum landshlutum en þó mest fjölgaði um tilkynningar til barnaverndarþjónusta á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur eða um 15,8%.

Flestar tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 voru vegna vanrækslu eða 42,5% allra tilkynninga og er það svipað hlutfall og síðustu ár. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 var 27,8%, en 25,2% en tæplega 28% á sama tímabili árin tvö á undan. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 31,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 og er það nokkuð hærra hlutfall en á sama tímabili árin 2021-2022. Tilkynningar vegna gruns um að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu voru 74 eða 0,7% allra tilkynninga.

Tilkynningum vegna vanrækslu fjölgaði um 7,7% á fyrstu 9 mánuðum ársins 2023 samanborið við sama tímabil 2022. Tilkynningum varðandi umsjón og eftirlit fjölgaði um 9,6% á fyrstu þremur ársfjórðungum 2023 samanborið við sama tímabil ársins á undan. Rétt tæplega 40% slíkra tilkynninga bárust vegna þess að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu og er það sambærilegt hlutfall við árin á undan.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2023 bárust 2.769 tilkynningar vegna ofbeldis, en voru 2.762 og 2.705 á sama tímabili árána á undan, því er vart hægt að segja að um fjölgun sé að ræða þegar litið er á heildina. Tilkynningum vegna tilfinningalegs ofbeldis fjölgaði um 6% en vegna líkamlegs ofbeldis um 12,3%. Tilkynningum vegna kynferðisofbeldis fækkaði á milli ára.

Mesta fjölgunin var á tilkynningum vegna áhættuhegðunar en slíkar tilkynningar voru 24,5% fleiri á fyrstu 9 mánuðum ársins 2023 samanborið við sama tímabil árið 2022. Tilkynningum þar sem barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu fjölgaði um 43,8%. Í ársbyrjun voru barnaverndarþjónustur beðnar að flokka sérstaklega ef barn kemur sér undan forsjá, tilkynningar sem áður voru flokkaðar sem að barn stefni eigin heilsu og þroska í hættu. Með tilkomu þessa nýja flokks má sjá að 7 af hverjum 10 tilkynningum þar sem barn kemur sér undan forsjá eru vegna stúlkna. Þá hefur einnig orðið fjölgun á tilkynningum vegna afbrota barns og þar sem barn beitir ofbeldi. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2023 fjölgaði tilkynningum vegna afbrota barns um 27,9% og vegna þess að barn beitir ofbeldi um 13,1%. Í báðum þessum flokkum eru drengir í meirihluta.

¹ Um mitt ár 2021 varð lagabreyting og eru barnaverndarnefndir nú kallaðar barnaverndarþjónustur. Einhver breyting hefur orðið á umdæmum barnaverndarþjónusta frá því sem var en hefur ekki áhrif á samanburð þennan við fyrri ár.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 38,1% tilkynninga, og er það í takt við fyrri ár. Þá má sjá að tilkynningum frá skólum og heilbrigðisþjónustu hefur fjölgað en slíkar tilkynningar voru um 26,5% allra tilkynninga á fyrstu 9 mánuðum ársins 2023.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 var 8.484 börn en árin á undan voru þau 7.830 og 7.858 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	3.715	37,9	3.634	36,6	3.926	35,8
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.706	27,6	2.619	26,4	3.034	27,6
Landsbyggð	3.371	34,4	3.683	37,0	4.016	36,6
Samtals	9.792	100	9.936	100	10.976	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	5.264	53,8	5.400	54,3	5.881	53,6
Stúlkur	4.444	45,4	4.473	45,0	5.015	45,7
Stálp ¹	4	<0,1	8	0,1	6	<0,1
Ekki vitað ²	80	0,8	55	0,6	74	0,7
Samtals	9.792	100	9.936	100	10.976	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.877	36,6	2.690	34,4	2.879	33,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.181	27,8	2.091	26,7	2.441	28,8
Landsbyggð	2.800	35,6	3.049	38,9	3.164	37,3
Samtals	7.858	100	7.830	100	8.484	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	4.227	53,8	4.254	54,4	4.574	53,9
Stúlkur	3.572	45,5	3.518	44,9	3.841	45,3
Stálp ¹	4	<0,1	8	0,1	4	<0,1
Ekki vitað ²	55	0,7	50	0,6	65	0,8
Samtals	7.858	100	7.830	100	8.484	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	5.428	69,1 ¹	4.859	62,1 ¹	5.241	61,8
<i>Drengir</i>	2.798	51,5	2.548	52,4	2.672	51,0
<i>Stúlkur</i>	2.589	47,7	2.283	47,0	2.524	48,1
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	41	0,8	28	0,6	45	0,9
Þar af nýjar kannanir	2.381	30,3 ¹	2.416	30,9 ¹	2.741	32,3
<i>Drengir</i>	1.180	49,6	1.233	51,0	1.421	51,9
<i>Stúlkur</i>	1.171	49,2	1.164	48,2	1.293	47,1
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	30	1,3	19	0,8	27	1,0

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	4.223	43,1	4.326	43,6	4.659	42,5
Ofbeldi	2.705	27,6	2.762	27,8	2.769	25,2
Áhættuhegðun barna	2.779	28,4	2.785	28,1	3.468	31,6
Vegna ófædds barns	81	0,8	55	0,5	74	0,7
Alls	9.792¹	100	9.936¹	100	10.976¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 4 tilkynningar á fyrstu 9 mánuðum 2021, 8 tilkynningar árið 2022 og 6 árið 2023 þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	4.223		4.326		4.659	
<i>Drengir</i>	2.212	52,4	2.333	53,9	2.498	53,6
<i>Stúlkur</i>	2.011	47,6	1.993	46,1	2.161	46,4
Líkamleg vanræksla	162		169		197	
<i>Drengir</i>	82	50,6	99	58,6	109	55,3
<i>Stúlkur</i>	80	49,4	70	41,4	88	44,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	3.705		3.758		4.120	
<i>Drengir</i>	1.975	53,3	2.014	53,6	2.223	54,0
<i>Stúlkur</i>	1.730	46,7	1.744	46,4	1.897	46,0
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	1.509		1.438		1.643	
<i>Drengir</i>	823	54,5	771	53,6	853	51,9
<i>Stúlkur</i>	686	45,5	667	46,4	790	48,1
Vanræksla varðandi nám	207		207		193	
<i>Drengir</i>	89	43,0	102	49,3	98	50,8
<i>Stúlkur</i>	118	57,0	105	50,7	95	49,2
Tilfinningaleg vanræksla	317		284		272	
<i>Drengir</i>	152	47,9	159	56,0	124	45,6
<i>Stúlkur</i>	165	52,1	125	44,0	148	54,4

Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	2.705		2.762		2.769	
<i>Drengir</i>	1.306	48,3	1.280	46,3	1343	48,5
<i>Stúlkur</i>	1.399	51,7	1.482	53,7	1426	51,5
Tilfinningalegt ofbeldi	1.583		1.522		1.613	
<i>Drengir</i>	812	51,3	732	48,1	794	49,2
<i>Stúlkur</i>	771	48,7	790	51,9	819	50,8
þar af hálfu náins aðila ¹	804		669		668	
<i>Drengir</i>	424	52,7	320	47,8	331	49,6
<i>Stúlkur</i>	380	47,3	349	52,2	337	50,4
Líkamlegt ofbeldi	689		778		874	
<i>Drengir</i>	399	57,9	460	59,1	501	57,3
<i>Stúlkur</i>	290	42,1	318	40,9	373	42,7
þar af hendi náins aðila ²	-		228		273	
<i>Drengir</i>	-	-	131	57,5	157	57,5
<i>Stúlkur</i>	-	-	97	42,5	116	42,5
Kynferðisofbeldi	515		495		438	
<i>Drengir</i>	145	28,2	112	22,6	109	24,9
<i>Stúlkur</i>	370	71,8	383	77,4	329	75,1
þar af hendi náins aðila ²	-		143		60	
<i>Drengir</i>	-	-	27	18,9	13	21,7
<i>Stúlkur</i>	-	-	116	81,1	47	78,3
þar af stafrænt kynferðisofbeldi ²	-		53		21	
<i>Drengir</i>	-	-	12	22,6	6	28,6
<i>Stúlkur</i>	-	-	41	77,4	15	71,4


¹Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðnotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila

²Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun barna	2.779		2.785		3.468	
<i>Drengir</i>	1.745	62,8	1.787	64,2	2044	58,9
<i>Stúlkur</i>	1.034	37,2	998	35,8	1424	41,1
Neysla barns á vímuefnum	433		472		457	
<i>Drengir</i>	266	61,4	278	58,9	243	53,2
<i>Stúlkur</i>	167	38,6	194	41,1	214	46,8
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	987		899		1.154	
<i>Drengir</i>	469	47,5	439	48,8	508	44,0
<i>Stúlkur</i>	518	52,5	460	51,2	646	56,0
Barn kemur sér undan forsjá	-				139¹	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	43	30,9
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	96	69,1
Afbrot barns	578		578		739	
<i>Drengir</i>	406	70,2	437	75,6	546	73,9
<i>Stúlkur</i>	172	29,8	141	24,4	193	26,1
Barn beitir ofbeldi	629		657		743	
<i>Drengir</i>	520	82,7	551	83,9	599	80,6
<i>Stúlkur</i>	109	17,3	106	16,1	144	19,4
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	220		238		320	
<i>Drengir</i>	109	49,5	126	52,9	150	46,9
<i>Stúlkur</i>	111	50,5	112	47,1	170	53,1

¹Hér er um að ræða nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*.

Ástæður tilkynninga



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022		Fyrstu níu mánuðir 2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu¹	538		576		597	
<i>Drengir</i>	266	49,4	309	53,6	321	53,8
<i>Stúlkur</i>	250	46,5	262	45,5	268	44,9
<i>Stálp eða ekki vitað²</i>	22	4,1	5	0,9	8	1,3

¹ Fram til áramóta 2020-2021 var þessi skráning byggð á mati tilkynnanda, þ.e. hversu oft tilkynnandi taldi tiltekið barn í hættu. Frá 1. janúar 2021 hefur þessi skráning verið byggð á mati barnaverndarstarfsmanns.

² Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu níu mánuðir 2020		Fyrstu níu mánuðir 2021		Fyrstu níu mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	49	0,5	49	0,5	39	0,4
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	558	5,7	513	5,2	354	3,2
Nágrannar	591	6,0	515	5,2	427	3,9
Annað nærumhverfi barns ¹	-	-	499	5,0	748	6,8
Önnur barnaverndarþjónusta	115	1,2	148	1,5	152	1,4
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	276	2,8	313	3,2	311	2,8
Lögregla	3.738	38,2	3.794	38,2	4.178	38,1
Skólaþjónusta	1.295	13,2	1.279	12,9	1.512	13,8
Leikskóli/gæsluforeldri	175	1,8	146	1,5	208	1,9
Íþróttir og tómstundastarf ¹	-	-	45	0,5	28	0,3
Heilbrigðisþjónusta	1.078	11,0	1.182	11,9	1.393	12,7
Foreldrar barns	782	8,0	756	7,6	798	7,3
Aðrir	1.135	11,6	697	7,0	828	7,5
Samtals	9.792	100	9.936	100	10.976	100

¹Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.